

Örugg matvæli – allra hagar!

# Kræklingur – veisla eða veikindi?

Á þessum tíma árs hugar margur skelfisksunnandinn að fjöruferð með fjölskyldunni til að njóta náttúrunnar og taka eitthvað bragðgott með sér heim í matinn.

Eins og þeir vita, sem reynt hafa, er kræklingur og annar skelfiskur herramannsmatur og má finna krækling og aðrar tegundir skelfisks víða í fjörum við strendur landsins. Hins vegar verður að gæta að sér, því í skelfiski geta verið hættuleg eitrefni, einkum yfir sumar mánuðina. Pupalputtareglan segir að ekki skuli tína krækling í „r“-lausum mánuðum. En er hægt að treysta á hana?

Orsakir eitrona geta verið af tvennum toga. Annars vegar getur skelfiskurinn verið mengaður vegna þess að holræsi eða annað frá-

rennsli frá mannabyggð sé þar sem tínsla skelfisks fer fram og er því vissara að velja tínslustaðinn með tilliti til aðstæðna á hverjum stað. Hins vegar getur verið um að ræða eitrefni sem á sér uppruna af náttúrulegum orsökum úr fæðu og umhverfi skelfisks. Við strendur landsins er að finna þrjár megingerðir þörunga sem orsakað geta eitrun í skelfiski og valdið neytendum heilsutjóni.

Hvernig er hægt að vera viss um að kræklingurinn sem við tínum sé heilnæmur?

Á undanförunum árum hefur Matvælastofn-



un (MAST) í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina skoðað og fylgst með eiturbörungum í sjó og þörunga-eitri í kræklingi á þremur svæðum við Ísland.

Niðurstöður hafa leitt í ljós að magn eiturbörunga í sjó og þörungaeiturs í skelfiski við strendur Íslands

fer hátt yfir viðmiðunarmörk á vissum svæðum á vissum tímum. Vöktun á eiturbörungum í sjó og á þörungaeitri í skelfiski miðast að því að tryggja að sá skelfiskur sem settur er á markað sé heilnæmur m.t.t. þörungaeiturs. Vöktuninni er jafnframt ætlað að upplýsa þá sem

stunda skelfiskstínslu hvort hætta sé á að skelfiskurinn geti verið eittraður á tínslustað. Niðurstöður má sjá á [www.hafro.is/voktun](http://www.hafro.is/voktun). Á opnum fræðslufundi MAST munu sérfræðingar frá þessum stofnunum fjalla um eiturbörunga og þörungaeitur í skelfiski. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 29. september kl. 15-16 á umdæmiskrifstofu Matvælastofnunar á Stórhöfða 23 í Reykjavík.

Þór Gunnarsson, fagsviðsstjóri  
hjá Matvælastofnun.



**Tenglar**

Nánari upplýsingar er að finna á vef stofnunarinnar: [www.mast.is](http://www.mast.is).